

Alþingi
Erindi nr. Þ 120 / 1531
komudagur 17/4 1996

LIV Landssamband
Íslenskra
verzlunarmanna

Reykjavík, 17. apríl 1996.

Félagsmálanefnd Alþingis.

Landssambandi Ísl. verzlunarmanna hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Eins og fram hefur komið höfum við og öll verkalýðshreyfingin í landinu mótmælt frumvarpinu mjög harkalega. Ástæðurnar eru tvíþættar. Annars vegar er að með framlagningu frumvarpsins var gripið inn í samningaviðræður um samskipti á vinnumarkaði sem stóðu yfir milli aðila vinnumarkaðarins og þær þannig stöðvaðar og hins vegar er það sem mestu máli skiptir að við teljum mjög alvarlega annmarka vera á efnisatriðum frumvarpsins.


Við teljum ekki ástæðu til að skila ítarlegri efnislegri umsögn þar sem hún mun berast félagsmálanefnd frá Alþýðusambandi Íslands og stærsta aðildarfélag okkar, Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, hefur sent inn efnislegar athugasemdir í sinni umsögn en full samstaða er um málið innan verkalýðshreyfingarinnar.

Í ljósi ofangreinds ítrekum við þá kröfu verkalýðshreyfingarinnar að komið verði í veg fyrir að ofangreint frumvarp verði að lögum og aðilum vinnumarkaðarins verði gefinn kostur á að gera rammisamning um samskiptareglur á vinnumarkaði.

Landssamband Ísl. verzlunarmanna er tilbúið til að mæta fyrir félagsmálanefnd Alþingis til að skýra sín sjónarmið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMBAND ÍSL. VERZLUNARMANNA


Ingibjörg R. Guðmundsdóttir